

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 253/2019**

2023/EES/5/07

frá 25. október 2019

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1258 frá 23. júlí 2019 um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 80/181/EBE um skilgreiningu á SI-grunneiningum í því skyni að laga hann að tækniframförum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 24. lið (tilskipun ráðsins 80/181/EBE) í IX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 L 1258:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1258 frá 23. júlí 2019 (Stjttfð. ESB L 196, 24.7.2019, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2019/1258, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*)

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

⁽¹⁾ Stjttfð. ESB L 196, 24.7.2019, bls. 6.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.